



Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar

2009

Efnisyfirlit

Um starfsáætlun.....	2
Atvinnu og byggðaðróun.....	3
Atvinnuráðgjöf.....	4
Nýsköpun.....	5
Búsetuþættir.....	5
Upplýsingaöflun.....	5
Endurmenntun, samstarf ofl.	6
Verkefnasamningar.....	7
Verkefni sett niður á tímabil.....	8
Mælikvarðar.....	10

Um starfsáætlun

Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2009 byggir á þeim þáttum sem settir eru fram í samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðróun á Norðurlandi vestra frá 28.12.2007. Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum. Með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar og atvinnuþróunarstaf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði SSNV
- Uppbygging og gangkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Þá byggir starfsáætlunin á stefnumörkun SSNV um málefni atvinnuþróunar sem sett var fram í mars 2008.

Áætlunin er unnin af framkvæmdastjóra og starfólki og samþykkt af stjórn SSNV atvinnuþróunar á fundi þann 8. desember 2008.

Í stjórn SSNV atvinnuþróunar eru Gunnar Bragi Sveinsson formaður, Elín R. Líndal, Páll Dagbjartsson, Björn Magnússon og Héðinn Sigurðsson. Áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunnar er Guðmundur Guðmundsson.

Framkvæmdastjóri er Jón Óskar Pétursson.

Starfsmenn SSNV atvinnuþróunar eru;

Katrín María Andrésdóttir

Haukur Suska Garðarsson

Gudrun Kloes

Ómar Hauksson

Baldur Valgeirsson

Atvinnu og byggðapróun

Stefna:

Að Norðurland vestra verði eftirsóknarverður kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki að búa og starfa á.

Markmið:

- SSNV-atvinnuþróun vinnur í samræmi við stefnu ríkisins, eins og hún kemur fram í ályktun Alþingis um byggðamál, að mótun samþættrar stefnu um atvinnu- og byggðapróun á starfssvæði félagsins í samvinnu við sveitarfélög, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila eftir því sem þurfa þykir. SSNV gerir m.a. úttekt á möguleikum atvinnulífs á svæðinu og hvernig megi nýta þá sem best.
- SSNV-atvinnuþróun leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. SSNV miðlar eftir föngum upplýsingum um starfsemi þessara aðila og vinnur að bættum samskiptum þeirra við atvinnulíf á starfssvæðinu.
- SSNV-atvinnuþróun tekur þátt í námskeiðahaldi varðandi rekstur fyrirtækja o.þ.h. í samstarfi við Byggðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs og byggðapróunar

Leiðir.

1. Gerð haglýsingar fyrir Norðurland vestra þar sem unnið á þeirra svæðisbundinna styrkleika sem svæðið býr yfir og leitað leiða til eflingar starfa sem m.a byggja á nýtingu náttúruauðlinda og menningararfs.
2. Að auka samstarf við fræðastofnanir með það að markmiði að styrkja faglegt bakland atvinnuþróunarstarfs á Norðurlandi vestra meðal annars á sviði menntunar og menningartengdrar ferðaþjónustu.
3. Að vinna að fjölgun starfa á Norðurlandi vestra með miðlun upplýsinga, kynningarstarfi og tengslavinnu. .
4. Að kynna markvisst þær auðlindir sem til staðar eru á Norðurlandi vestra til atvinnuuppbyggingar. Það getur m.a verið heitt vatn, kalt vatn, raforka, jarðefni osfrv.
5. Að standa fyrir að hagnýtum námskeiðum í samráði við fyrirtæki eða annað stoðkerfi atvinnulífsins.

Atvinnuráðgjöf

Stefna:

Að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu ásamt því að efla þekkingu og frumkvöðlastarf.

Markmið:

- SSNV veitir ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. SSNV veitir m.a. upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á nýstofnuð fyrirtæki, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum og fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðarlaga.
- SSNV getur átt þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, sem leitað hafa aðstoðar Bygðastofnunar en varast þó starfsemi á samkeppnissviði.

Leiðir:

1. Veita almenna rekstarráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja
 - a. Veita viðskiptavinum handleiðslu um aðra þætti í stoðkerfi atvinnulífsins
 - b. Veita viðskiptavinum handleiðslu um aðra valkosti er varða fyrirtækjarekstur
2. Að gerðir verði. Verksamningar¹ um handleiðslu við stofnun eða endurskipulagningu fyrirtækja.
3. Að atvinnuráðgjafar kynni starfsemi og þjónustu SSNV atvinnuþróunar í fyrirtækjum og á opnum fundum.
4. Stuðla að samstarfi og klasamyndun þar sem við á.

¹ Verksamningur skal gerður ef tímafjöldi einstakra verkefna fer yfir 40 vinnustundir.

Nýsköpun

Stefna:

Að hafa frumkvæði að og styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun á Norðurlandi vestra

Markmið:

SSNV atvinnuþróun vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum. Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð geta gert samkomulag við félagið um þátttöku í slíkum verkefnum.

Leiðir:

1. Að standa fyrir kynningu á hugtakinu „Tækniyfifærsla“ (e.technology transfer) í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð.
2. Að halda árlega dag atvinnulífsins á Norðurlandi vestra.
3. Að veita árlega einu fyrirtæki á Norðurlandi vestra Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar.
4. Kynning á samstarfsmöguleikum innanlands og utan.(áætlanir ESB)

Búsetuþættir

Stefna: Að bæta búsetuskilyrði íbúa og starfsumhverfi fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Markmið:

SSNV-atvinnuþróun vinnur í samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök að eflingu búsetuþátta, sem m.a. snúa að samgöngum, verslun og þjónustu, húsnæðismálum, félagslegu umhverfi, menntunar- og menningarmálum.

Leiðir:

1. Vinna með Byggðastofnun að greiningu vinnusóknarsvæða.
2. Hvetja sérstaklega að verkefnum er miðað að hagnýtingu upplýsingatækni
3. Stunda kynningarstarf er miðað að jákvæðri ímyndarsköpun Norðurlands vestra

Upplýsingaöflun

Stefna:

Að hjá SSNV atvinnuþróun liggi frammi sem gleggstar upplýsingar á hverjum tíma er varðar þau atriði er snerta búsetu, atvinnulíf og byggðapróun á Norðurlandi vestra.

Markmið:

- SSNV skal hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta, m.a. einstakar atvinnugreinar, samgöngur, menntun, menningu o.fl. Þessar upplýsingar skulu

veittar án frekara endurgjalds, enda sé vinnuframlag ekki meira en sem svarar 10 vinnustundum á viku að meðaltali.

- Byggðastofnun og SSNV veita hvort öðru munnlegar upplýsingar um einstaklinga og fyrirtæki í tengslum við fjármögnun verkefna, sé þess óskað. Þess skal vandlega gætt að farið sé að lögum og reglum um bankaleynd og trúnað við viðskiptavinum, og skal viðtakandi upplýsinganna bundinn þagnarskyldu um þær.

Leiðir:

1. Að fylgjast kerfisbundið með þróun starfa á Norðurlandi vestra
2. Að fylgjast kerfisbundið menntunarstigi vinnuafis á Norðurlandi vestra.
3. Að fylgjast kerfisbundið með þróun fasteignaverðs á Norðurlandi vestra.
4. Vinna úr og birta opinberlega upplýsingar úr gögnum Hagstofu Íslands um þróun búsetu á Norðurlandi vestra skv. mismunandi breytum.
5. Að SSNV atvinnuþróun hafi yfir að ráða aðgangi að þess til gerðum upplýsingaveitum og búnaði.

Endurmenntun, samstarf ofl.

Stefna.

Að hópur atvinnuráðgjafa hverju sinni saman standi af menntuðu hæfu starfsfólki. SSNV atvinnuþróun tekur þátt í sameiginlegum viðburðum atvinnuþróunarfélagana og Byggðastofnunar hverju sinni.

Markmið

SSNV atvinnuþróun leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu og byggðaðróunar með endurmenntun, samvinnu við atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á starfsemi þróunarfélagana.

Leiðir:

1. Að hver atvinnuráðgjafi sækir árlega a.m.k eitt starfstengt námskeið hjá viðurkenndum fagaðilum á sviði viðskiptaráðgjafar eða byggðarannsóknna.
2. Að SSNV atvinnuþróun taki virkan þátt innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.
3. SSNV atvinnuþróun tekur þátt í stefnumótun og samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélagana.

Verkefnasamningar

Stefna:

Að fjármögnun SSNV atvinnuþróunar verði að lágmarki 5% fengin með fjármagni vegna verkefnasamninga/sjálfsaflatekna..

Markmið: Markmið SSNV atvinnuþróunar er að fjármagna hluta rekstrar með sértekjum og tekjum af vegna einstakra verkefna.

Leiðir:

1. Sækja um a.m.k 2 verkefnatengdra styrki árlega
2. Öflun sértekna með gerð þjónustusamninga

Verkefni sett niður á tímabil

Atvinnu- og byggðaðróun			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Gerð haglýsingar fyrir Norðurland vestra	Að gera upplýsingar um landshlutann aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila	Janúar – September	JÓP / KMA
Stefnumótun í atvinnumálum á Norðurlandi vestra	Að unnið verði markvisst að völdum áhersluverkefnum og sameiginlegum markmiðum – Kynnt á ársþingi í apríl	Janúar - Apríl	Stjórn og starfsmenn
Kynningarfundur um fyrirtæki til sölu	Að kynna möguleika á fjölgun atvinnutækifæra fyrir íbúum svæðisins	Október	KMA
Að ljúka gerð kynningarvefs um Norðurland vestra	Að laða fyrirtæki, fjárfesta og samstarfaðila að svæðinu	Maí	HSG
Að gera og fylgja eftir verkefnasamningum við mennta- og rannsóknarstofnanir	Að auka samstarf SSNV atvinnuþróunar við mennta- og rannsóknarstofnanir	Allt árið	JÓP
Að halda „Dag atvinnulífsins“ á Norðurlandi vestra og veita hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar	Að auka samstarf hagsmunaaðila og styrkja sameiginlegan vettvang og tengsl	September	JÓP, stjórn og starfsmenn.
Að halda námskeið og fræðslufundi	Að bjóða hagnýta fræðslu til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnulífi á Norðurlandi vestra	Vorönn og haustönn	KMA
Atvinnuráðgjöf			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum handleiðslu og ráðgjöf um verkefni og stoðkerfi atvinnulífs með viðtölum og fyrirtækjaheimsóknunum	Að styðja við rekstur, þróun, fjármögnun og nýsköpun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra. Einnig að kynna þjónustu SSNV atvinnuþróunar	Allt árið	Allir starfsmenn
Að útbúa fréttir á vefsíðu og í staðbundna fjölmiðla	Að kynna þjónustu SSNV atvinnuráðgjafar fyrir íbúum á Norðurlandi vestra	Allt árið	Allir starfsmenn
Gerð ársskýrslu	Að safna og birta upplýsingar um starfsemi SSNV atvinnuþróunar	Fyrir miðjan apríl 2009	JÓP
Þátttaka í verkefnum og fundum í stoðkerfi atvinnulífsins	Að kynna þjónustu SSNV atvinnuþróunar og auka og samræma starf í stoðkerfi atvinnulífsins	Allt árið	Allir starfsmenn
Að leiða saman hagsmunaaðila sem átt geta samstarf um verkefni og stuðla að samstarfi þeirra	Að auka samstarf og samtakamátt í atvinnulífinu á svæðinu	Allt árið	Allir starfsmenn

Nýsköpun			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Kynningarfundur á hugtakinu tækniyfifærsla	Að stuðla að hagnýtri fræðslu og kynna vænlegar leiðir í atvinnuþróun	Nóvember	JÓP
Þátttaka í erlendu samstarfsverkefni (1-2 verkefni í gangi árlega)	Að stuðla að auknum viðskiptum og samstarfi fyrirtækja og stofnana út fyrir svæðið	Allt árið	KMA/HG
Námskeið um brautargengi í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð	Að styðja við viðskiptahugmyndir kvenna og framgang þeirra	Febrúar - maí	KMA / HG
Búsetuþættir			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Vinna að gerð byggðaaætlunar	Að hafa áhrif á heildarstefnumörkun í byggðaaðgerðum til næstu ára	Janúar - Mars	JÓP
Vinna ásamt Byggðastofnun að greiningu vinnusóknarsvæða	Að safna upplýsingum um vinnusóknarsvæði á landinu öllu	Janúar - Mars	JÓP
Að efna til fundar um hagnýtingu upplýsingatækni í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu	Að kynna möguleika og hvetja til aukinnar nýtingar upplýsingatækni	Október	KMA/HG
Upplýsingaöflun			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Að safna og birta upplýsingar um þróun starfa, fólksfjölda, fasteignaverð og aðra lykilþætti í búsetu og atvinnulífi á Norðurlandi vestra	Að fyrir liggi með aðgengilegum hætti upplýsingar um stöðu mála í landshlutanum	Allt árið	KMA og aðrir starfsmenn
Að yfirfara og skipuleggja aðgang að gagnagrunnum og upplýsingakerfum	Að tryggja fullnægjandi aðgangi að upplýsingum er varða starfsemina	Allt árið	KMA
Verkefnasamningar			
Verkefni	Markmið	Tími	Umsjón
Að sækja um verkefnastyrki og gera þjónustusamninga	Að fjármagna starfsemi SSNV atvinnuráðgjafar að hluta með verkefnastyrkjum og þjónustusamningum	Allt árið	JÓP

Mælikvarðar

Í samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofunnar frá 28.12.2008 eru sett fram ákvæði um árangursmat af starfsemi SSNV atvinnuþróunar. Með hliðsjón af starfsáætluninni og þeim verkefnum sem þar eru tilgreind er sett fram stefnukort SSNV atvinnuþróunar ásamt mælikvörðum þeim sem grundvalla skulu mat á árangri starfseminnar á árinu 2009. Þá eru markmið byggðaáætlunar 2006-2009 lögð til grundvallar árangursmatinu. Stefnukortið og mælikvarðar má sjá í fylgiskjali með áætlun þessari.

Stefnukort SSNV atvinnuþróunar 2009-Mælikvarðar

Atvinnu og byggðaðróun					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
Samræming á starfsemi SSNV atvinnuþróunar og byggðaaætluar og fjölgun starfa	Gerð hagnýsingar fyrir Norðurland vestra	Að hagnýsing fyrir Norðurland vestra verði unnin á árinu 2009.	Já	0	Já
	Hefja vinnu við gerð stefnumótunar í atvinnumálum fyrir Norðurland vestra	Að stofnaður verði verkefnishópur/klasi um málið.	Já	0	Já
	Miðlun upplýsinga um fyrirtæki til sölu inná við	Að halda 1.kynningarfund þar sem fasteigna og fyrirtækjasalar kynna fyrirtæki til sölu	1	0	1
	Stunda kynningarstarf á auðlindum Norðurlands vestra til atvinnuuppbyggingar	Að ljúka gerð kynningarvefs fyrir fjárfesta fyrir Norðurland vestra	Já	Í vinnslu	Já
Auka samstarf SSNV atvinnuþróunar við stofnanir og stoðkerfi atvinnulífsins og námskeiðahald	Auka samstarf SSNV atvinnuþróunar við mennta og rannsóknarstofnanir með gerð samstarfssamninga.	Að gerðir verði a.m.k 3 samstarfssamningar á tímabilinu	2-4	1	3
	Koma á samráðsfundum mennta og rannsóknarstofnana og atvinnulífsins.	Að halda a.m.k 2 sameiginlega fundi þessara aðila árlega.	2	0	2
	Að standa fyrir hagnýtum námskeiðum/fyrirlestrum í samráði við fyrirtæki eða annað stoðkerfi	Að standa árlega fyrir a.m.k 2 hagnýtum námskeiðum/fyrirlestrum	2	2	0

Atvinnuráðgjöf					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
SSNV atvinnuþróun veitir fyrirtækjum einstaklingum og stofnunum almenna rekstraráðgjöf.	Veita fyrirtækjum, einstaklingum og stofnunum handleiðslu um stoðkerfi atvinnulífsins.	Fjöldi heimsóknna á skrifstofur atvinnuráðgjafa	Óvist		0
		Fjöldi vinnustunda við handleiðslu	Óvist	0	0
		Fjöldi gerðra Verksamninga*	4	1	5
Að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir séu meðvituð um þjónustu SSNV atvinnuþróunar	Kynningarfundir í fyrirtækjum	Fjöldi fyrirtækjaheimsóknna	Óvist	Óvist	50
	Gerð ársskýrslu	Að ársskýrsla sé aðgengileg á vef SSNV	Já	Já	Já
	Almennir kynningarfundir	Fjöldi almennra kynningarfunda	4	4	6
Stuðla að samstarfi og klasamyndun	Halda kynningarfundum um samstarfsverkefni og klasa	Fjöldi kynningarfunda	4	Óvist	4
	Stofun samstarfs/klasa að eigin frumkvæði.	Fjöldi nýrra samstarfsverkefna/klasa	2	1	3

Stefnukort SSNV atvinnuþróunar 2009 - Mælikvarðar

Nýsköpun					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
SSNV atvinnuþróun vinnu verkefni á sviði nýsköpunar í samstarfi við Bygðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð	Standa fyrir kynningu á hugtakinu Tækniyfifærsla (e. Technology transfer)	Kynningarfundur um hugtakið	Já	0	Já
	Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð	Að unnið verði a.m.k 1 samstarfsverkefni árlega með Nýsköpunarmiðstöð	1	0	1
	Kynning á innlendum og erlendum samstarfsverkefnum	Fjöldi uppfærsla á heimasíðu	4	1	5
	Þátttaka í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum	Að SSNV atvinnuþróun sé þátttakani í 1 innlendu samstarfsverkefni og 1 erlendu á ári að jafnaði.	2	1	2
Kynning á nýsköpun og frumkvöðlastarfi á Norðurlandi vestra	Að halda árlega "Dag atvinnulífsins" á Norðurlandi vestra	Viðburður haldinn	Já	Já	já
	Að veita árlega einu fyrirtæki Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar	Verðlaun veitt	já	Já	Já

Búsetuættir					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
SSNV atvinnuþróun vinnur í samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök að eflingu búsetuþátta.	Vinna með Bygðastofnun að greiningu vinnusóknarsvæða	Að gerður verði samstarfssamningur við Bygðastofnun um þátttöku SSNV atvinnuþróunar í verkefninu	Já	ekki hafð	Já
	Hvetja sérstaklega til verkefna er miða að hagnýtingu upplýsingatækni	Fjöldi funda með fyrirtækjum í upplýsingatækni á Norðurlandi vestra	Óvíst	0	0
	Stofnun tengslanets kvenna á Norðurlandi vestra	Að stofnfundur verði haldinn	já	ekki hafð	já
Að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir séu meðvituð um þjónustu SSNV atvinnuþróunar	Kynningarfundir í fyrirtækjum	Fjöldi fyrirtækjaheimsókna	Óvíst	Óvíst	50
	Gerð ársskýrslu	Að ársskýrsla sé aðgengileg á vef SSNV	Já	Já	Já
	Almennir kynningarfundir	Fjöldi almennra kynningarfunda	4	4	6
Stuðla að samstarfi og klasamyndun	Halda kynningarfundir um samstarfsverkefni og klasa	Fjöldi kynningarfunda	4	Óvíst	4
	Stofun samstarfs/klasa að eigin frumkvæði.	Fjöldi nýrra samstarfsverkefna/klasa	2	1	3

Stefnukort SSNV atvinnuþróunar 2009 Mælikvarðar

Upplýsingaöflun					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
SSNV atvinnuþróun hafi góða yfirsýn yfir starfssvæði sitt og halda upplýsingar er snúa að atvinnulífi og búsetuþáttum.	Fylgjast kerfisbundið með þróun starfa á Norðurlandi vestra	Árleg samantekt á þróun starfa á norðurlandi vestra	Já	hafið	Já
	Fylgjast kerfisbundið með menntunarstigi vinnuafis á Norðurlandi vestra	árleg samantekt á menntunarstigi vinnuafis	Já	ekki hafið	Já
	Fylgjast kerfisbundið með þróun fasteignaverðs á Norðurlandi vestra	Árleg samantekt á þróun fasteignaverðs á Norðurlandi vestra	Já	ekki hafið	já
	Opinber byrting upplýsinga	Útgáfa ritisins Norðurland vestra í tölum	Já	Ekki hafið	Já
Að SSNV atvinnuþróun búi yfir þeim tækjum sem nauðsynleg eru til þess að stunda markvissa upplýsingaöflun	Aðgangur að gagnagrunnum	Skylgreindir verði þeir gagnagrunnar sem kaupa þarf aðgang að	Já	ekki hafið	Já
	Aðgangur að úrvinnstu forritum	Skilgreind verði þau forrit sem kaupa þarf aðgang að.	já	ekki hafið	Já

Verkefnasamningar					
Markmið	Leiðir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2008	Aætlun 2009
Að SSNV atvinnuþróun stundi árlega vinnu við a.m.k tvö verkefni sem fjármögnuð eru veð verkefnastyrkjum	Að sækja um verkefnastyrki	Í upphafi árs liggi fyrir a.m.k 4 umsóknir um verkefnastyrki	4	hafið	4
	Að stunda markvissa leit að verkefnum sem teljast styrkhæf.	Að fjöldi funda með hagsmunaaðilum s.s sveitarstjórnarmönnum og aðilum í atvinnulífinu	4	ekki hafið	4
	Að stunduð sé markviss hugmyndavinna meðal starfsmanna vegna verkefnastyrkja	Að rætt sé um verkefnastyrki á starfsmannafundum á a.m.k tveggja mánaða	Já	ekki hafið	já
Að SSNV atvinnuþróun fjármagni starfsemi að hlutatil með verkefnastyrkjum	Að vinna og sækja um verkefnastyrki	Að a.m.k 4% heildarfjármögnunar komi í vegna verkefnastyrkja	4%	5%	5%
	Að þróa verkefni sem njóta verkefnastyrkja m.a með stofnun fyrirtækja um þau	Að árlega verði a.m.k 1 fyrirtæki stofnað sem notið hefur verkefnastyrks	1	1	1

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.